

brigðisnefnd í té heilbrigðisvottorð frá lækni. Auk þess getur nefndin krafizt slíks vottorðs, ef henni þykir ástæða til.

24
20. jan.

Um næma sjúkdóma.

51. gr.

Komi hættuleg farsótt upp í hreppnum eða nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv., en í samþykkt þessari felast.

Um kirkjugarða.

52. gr.

Þá er gera skal kirkjugarð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað, að garðsstæðið sé þurrkað með lokræsum, ef það er svo rakt, að vatn komi nokkru sinni upp í grafirnar.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en bilið sé 100 m. Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir. Grafa skal svo djúpt, að tveggja álma moldarlag sé ofan á kistu.

Um sektir.

53. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá skipun, sem heilbrigðisnefnd gefur samkvæmt henni, þá varðar það sektum, allt að 1000 krónum, er renna í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, sem vanrækt hefur verið, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða þann kostnað, sem af því leiðir, til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. janúar 1949.

Eysteinn Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

25

15. febr.

1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist framleiðendum söluverð það á framleiðslu þeirra til útflutnings, sem ákveðið er í 2., 4. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

1. Þorskflök með roði, vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 enskra punda (lbs.) stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. kr. 1.33
2. Þorskflök með roði í 1 kg öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 25 kg nettó, pr. lb. fob. — 1.46

25	3. Þorskflök með roði í 2 lbs. öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lbs. fob.	kr. 1.50
15. febr.	4. Þorskflök með roði í ½ kg öskjum án cellophan, 50 öskjur í ks. á 25 kg nettó, pr. lb. fob.	— 1.52
	5. Ýsflök vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.40
	6. Ýsflök í 2 lbs. öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 50 lbs. nettó pr. lb. fob.	— 1.60
	7. Steinbitsflök, roðlaus, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.52
	8. Karfaflök, roðlaus, vafin í pergament í 3 kg eða 7 lbs. stykkjum, 8 í ks. 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.23
	9. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra og lúða) I. 1¼ lb. og þar yfir, heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stykki) 3 stk. í ks. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.50
	10. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra) II. ¾—1¼ lb. heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stykki) 3 st. í ks. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.36
	11. Flatfiskur (skarkoli, þykkvalúra) III. 250 g — ¾ lb. heilfrystur í 21 lbs. stykkjum (3×7 lbs. í hverju stykki) 3 stk. í ks. 63 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 1.24
	12. Flatfiskflök (skarkoli, þykkvalúra og lúða) vafin í pergament, í 7 lbs. öskjum, 8 í ks. 56 lbs. nettó, pr. lb. fob.	— 3.23

Verð það á flökum af bolfiski, sem hér um ræðir, miðast við, að flökin séu þunnildalaus.

3. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða hraðfrystihúsunum upp í geymslukostnað kr. 25.00 á mánuði hverjum á hverja smálest af frystum fiski, sem framleiddur er á árinu 1949 samkv. skilgreiningu í 2. gr. reglugerðar þessarar. Þó skal ríkissjóður aldrei greiða meira en sem nemur því, sem greitt var í þessu skyni fyrir framleiðslu ársins 1948, að viðbættum kr. 2000000.00. Greiða skal fyrir birgðir eins og þær eru í byrjun hvers mánaðar.

4. gr.

1. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob.	kr. 2.25
2. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa II. fl. Það, sem fram yfir er 10%, er um getur í 1. tölul., pr. kg fob.	— 2.00
3. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa III. fl., pr. kg fob.	— 1.80
4. Þorskur, stór og smár, en þó eigi undir 12", og langa IV. fl., pr. kg fob.	— 1.60
5. Þorskur og langa, handfiskur undir 12" pr. kg fob.	— 1.80
6. Ýsa, eigi undir 12", I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob.	— 2.25
7. Ýsa, eigi undir 12", II. fl. það, sem fram yfir er 10%, er um getur í 6. tölul., pr. kg fob.	— 2.00
8. Keila, eigi undir 12", I. fl. incl. 10% II. fl., pr. kg fob.	— 1.26
9. Keila, eigi undir 12", II. fl., pr. kg fob.	— 1.16
10. Keila, eigi undir 12", III. fl., pr. kg fob.	— 1.06
11. Ufsi, eigi undir 12", I. fl. incl. 30% II. fl., pr. kg fob.	— 1.55
12. Ufsi, eigi undir 12", II. fl., pr. kg fob.	— 1.30
13. Ufsi, eigi undir 12", III. fl., pr. kg fob.	— 1.10

5. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða saltfiskeigendum rýrnun á saltfiski, sem framleiddur er til útflutnings á árinu 1949, sem hér segir:

Fyrir 1. geymslumánuð	4½%
— 2. —	3 %
— 3. —	2½%
— 4. —	1½%

25

15. febr.

og eftir 4. geymslumánuð 1% á mánuði hverjum, þar til fiskurinn hefur verið fluttur út.

Ekki greiðist rýrnun af yngri fiski en eins mánaðar, miðað við lok framleiðslumánaðar og þann dag, sem fermingu hvers farms er að fullu lokið. Þó skal aldrei greiða minni rýrnun fyrir útfluttan fisk, en sem svarar fyrsta geymslumánuði. Hver byrjaður mánuður telst sem heill mánuður.

Rýrnun greiðist þó því aðeins, að útflytjandi eigi enga sök á drætti þeim, sem verða kann á útflutningi fisksins og enn fremur að framleiðandi hafi tilkynnt saltfiskframleiðslu sína samkvæmt settum reglum.

6. gr.

Þorskþunnildi, söltuð, með eða án himnu, fullstaðin, metin og pökkuð í hessian, 25 kg í pakka, pr. kg fob kr. 2.00

7. gr.

Ríkissjóður tekur að sér að greiða framleiðendum fyrir þorskflök söltuð til útflutnings í tunnum á 110—114 kg nettó, fullstaðin og metin, pr. tn. fob .. kr. 48.83

8. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 1. til 6. gr. miðast við, að heimilt sé að verðjafna milli fisktegunda og verkunaraðferða, enda gildir þá ábyrgðin sem meðaltalsábyrgð. Óheimilt er að salta ýsu, ef með nokkru móti er unnt að frysta hana eða selja hana isvarða til útflutnings.

9. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur ákveðið hversu haga skuli fiskframleiðslu á hverjum stað og tíma með tilliti til hagnýtingar hinna ýmsu fisktegunda, svo og pökkunar, og er þá óheimilt að framleiða aðrar fisktegundir til útflutnings eða verka fiskinn á annan hátt en ráðuneytið hefur ákveðið. Ráðuneytið getur einnig sett reglur um móttöku fisks hjá fiskvinnslustöðvum.

10. gr.

Ábyrgð sú, sem um ræðir í 1. og 2. gr., miðast við að fiskurinn fullnægi á hverjum tíma kröfum fiskmatsins sem I. flokks vara.

11. gr.

Ábyrgð sú, sem um ræðir í 4. gr., miðast við saltfisk, sem er fullsaltaður og fullstaðinn, metinn af löggiltum matsmönnum og pakkaður í hessianstriga.

Ríkisstjórnin getur síðar ákveðið, hvort þurrka skuli einhvern hluta saltfisksins og mun þá ákveða verðtryggingu hans.

12. gr.

Selji hlutasjómenn og útgerðarmenn fisk sinn öðrum, skal kaupandinn, ef krafizt verður, færa sönnur á, sem ráðuneytið metur gildar, að hann hafi greitt það lágmarksverð á fiskinum, sem auglýst hefur verið af ráðuneytinu.

13. gr.

Allir þeir, sem framleiða fisk, er ábyrgð ríkissjóðs samkv. 1. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, tekur til, skulu gefa skýrslu um framleiðslu sína í því formi og svo oft, sem ráðuneytið telur nauðsynlegt.

25

15. febr.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná einungis til þess fisks, sem aflað er af báta-
útveginum.

14. gr.

15. gr.

Ríkisstjórnin getur falið sérstakri nefnd að annast alla framkvæmd reglugerðar
þessarar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 100 1948, til að öðlast gildi þegar
í stað, og er jafnframt felld úr gildi reglugerð nr. 25 11. febrúar 1948.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1949.

Jóhann P. Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

26

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Ársreikningur 1948.

H ö f u ð s t ó l l :

1. Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi	kr. 127585.87
2. Tekjur umfram gjöld, samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 3340.39

Kr. 130926.26

Eignum sjóðsins er þannig háttað:

1. Veðdeildarbréf	kr. 11000.00
2. Sogsvirkjunarbréf	— 1000.00
3. Veðskuldabréf	— 83766.68
4. Handhafaskuldabréf með ríkisábyrgð	— 26000.00
5. Sparisjóðsinnstæða	— 9159.58

Kr. 130926.26

T e k j u r :

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 540.00
2. — — Sogsvirkjunarbréfi	— 40.00
3. — — veðskuldabréfum	— 4044.00
4. — — handhafaskuldabréfum	— 992.17
5. — — sparisjóðsinnstæðu	— 164.22
6. Vaxtamismunur á keyptum handhafabréfum	— 1560.00

Kr. 7340.39

G j ö l d :

1. Styrkur til Björns læknis Jónssonar, til framhaldsnáms í læknisfr.	kr. 2000.00
2. — — Björgvins Torfasonar stúdents, til náms í fiskiðnfræði	— 2000.00
3. Lagt við höfuðstól	— 3340.39

Kr. 7340.39

Forsætisráðuneytið, 24. janúar 1949.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.